

Alþingi
Erindi nr. P 130/510
komudagur 8.12.2003

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

7. desember 2003


Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, 254. mál, rannsóknir og nýsköpun, er eftirfarandi:

Landssamband smábátæigenda telur í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru á mörkuðum fyrir sjávarafurðir að auk rannsókna og nýsköpunar sé nauðsynlegt að heimilt verði að verja fé úr sjóðnum til markaðsstarfa. Þar er átt við leit að nýjum mörkuðum, þátttaka í sýningum, markaðsrannsóknir og kynningar.

Það er samdóma álit þeirra sem starfa á markaði sjávarafurða að þar vex samkeppni og barátta við aðrar vörutegundir jafnt og þétt. Erfiðleikar við að halda sínu fara vaxandi.

Að lokum vekur LS athygli á að viðfangsefni svokallaðs „Verkefnasjóðs sjávarútvegs“ er með samþykkt frumvarpsins gert afar umfangsmikið. LS telur nauðsynlegt að sjávarútvegsnefnd fjalli um þennan þátt með tilliti til starfsreglna fyrir sjóðinn, stjórn yfir sjóðnum, samsetningu stjórnar, fjölda stjórnarmanna, auk annarra þátta sem tilheyra slíkum sjóði.

Virðingarfyllst


Örn Pálsson framkvæmdastjóri